**Ed.** **434. Breytingartillögur** [210. mál]

við frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SDK, RA, EG).

1. Við 3. gr. Í stað „á 5 ára fresti" í 1. málsl. komi: á 3 ára fresti.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein er verði 4. gr. og hljóði svo:
   Kauplagsnefnd skal haga gerð neyslukannana á þann veg að sundurgreina megi þannig að marktækt sé hvernig meðalneyslu þess fjórðungs landsmanna, sem lægstar tekjurnar hefur, er háttað hverju sinni.
   Kauplagsnefnd skal gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðunum.
3. Á eftir 5. gr. komi svofellt

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Kauplagsnefnd skal nú þegar hefja undirbúning að gerð neyslukönnunar sem lögð verði til grundvallar nýrri vísitölu framfærslukostnaðar.